



Minnsta árshækkun launavísitölunnar frá 2011 - kaupmáttur lækkar eilítið

Minnsta árshækkun í langan tíma

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands lækkaði launavísitalan um 0,1% milli maí og júní. Breytingin á ársgrundvelli var 4,3% sem er minnsta ársbreyting frá febrúar 2011.

Samanlögð hækkun launavísitölunnar í apríl og maí var 2,2% sem væntanlega er ágæt mæling á upphafsáhrifum nýgerðra kjarasamninga á almenna vinnumarkaðnum. Hækkun launavísitölunnar vegna samninganna nú er töluvert minni en verið hefur síðustu ár. Þá er samningstímabili flestra samninga á opinbera markaðnum lokið þannig að þar hefur ekki verið um neinar launabreytingar að ræða á síðustu mánuðum.

Kaupmáttur lækkar eilítið


Kaupmáttur launa hefur verið stöðugur undanfarna mánuði, og togaðist frekar upp á við eftir að samningarnir voru gerðir. Kaupmáttur í júní var 0,8% minni en var í júní 2018. Frá áramótum 2014/2015 hefur kaupmáttur launavísitölu aukist um rúm 25%, eða u.þ.b. 6% á ári. Það er verulega mikil aukning, bæði sögulega séð og í samanburði við önnur lönd. Næstu samningsbundnu launabreytingar á almenna markaðnum verða ekki fyrir en í apríl á næsta ári og er þess því að vænta að kaupmáttur láti eitthvað undan síga fram að því.

Laun stóru hópanna

Tölur frá Hagstofunni um nánari samsetningu launavísitölunnar koma jafnan mun seinna en vísitalan sjálf. Þannig hefur launavísitalan fyrir júní 2019 verið birt en samsetningin nær bara til apríl 2019. Sé lítið á launabreytingar stóru hópanna á vinnumarkaði á einu ári, frá apríl 2018 til apríl 2019, má sjá að launahækkanir á almenna markaðnum voru mun meiri en á þeim opinbera. Munurinn nemur u.þ.b. einu og hálfu prósentustigi.


Kjarasamningar á almenna markaðnum voru gerðir í byrjun apríl og gætir áhrifa þeirra í þessum tölum.

12 mánaða hækkunartaktur launa




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launapróun og kaupmáttur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launahækkun einstakra hópa apríl 2018 - apríl 2019




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Launahækkunir starfsstétta

Breyting launa eftir starfsstéttum á einu ári frá apríl 2018 til sama mánaðar 2019 var mest hjá þjónustu- sölu og afgreiðslufólki og verkafólki. Launavísitalan hækkaði um 6,8% á þessum tíma og því virðist sem markmið kjarasamninganna að hækka lægstu launin mest séu að nást. Laun stjórnenda hækkuðu minnst á þessu tímabili, eða um 4,8% sem er töluvert fyrir neðan launavísitölu. Laun iðnaðarmanna hækka næst minnst. Þeir gerðu reyndar kjarasamning nokkuð seinna en aðrir þannig að ekki er víst að áhrif sammingsins komi fram í þessum tölum.

Launahækkun starfsstétta
apríl 2017 - apríl 2018




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Laun innan atvinnugreina

Sé litið til atvinnugreina hækkuðu laun mest í flutningum og geymslustarfsemi, um 8,3%, sem er vel fyrir ofan hækkun launavísitölnnar. Næstmesta hækkunin var í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð og verslun og viðgerðum. Laun í fjármála- og váttryggingarstarfsemi hækkuðu minnst á þessu tímabili.

Launahækkun í atvinnugreinum
apríl 2018 - apríl 2019



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Góð staða í lok samningstímabils

Nú hefur kjarasamningum verið lokað fyrir nær allan almenna markaðinn, en nær allur opinberi markaðurinn er með lausa samninga. Árangurslitlar viðræður áttu sér stað þar áður en ákveðið var að fara í sumarfrí. Frá sumum hópum hefur heyrst að ekki sé mikill áhugi á að nota krónutölusamningana frá almenna markaðnum sem fyrirmynd. Viðræður á opinbera markaðnum hefjast væntanlega fljótlega aftur.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.